



Reykjavík, 21. febrúar 2024

USK23110013

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 01. nóvember 2023:

„Lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um lagfæringu og endurnýjun göngustígs við Vesturberg Lagt er til að ráðist verði í lagfæringu og endurnýjun göngustígs austan megin við Vesturberg, framan við fjölbýlishúsin nr. 2 – 148. Umrædd gönguleið, sem er fjölfarin, er víða ójöfn og óslétt. Sums staðar á stígnum hafa myndast bungur og skorur, sem leiðir m.a. til þess að þar myndast stórir pollar og eftir aðstæðum svell í blautviðri.“

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 29. nóvember 2023:

„Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um lagfæringu og endurnýjun göngustígs við Vesturberg, sbr. 24. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 1. nóvember 2023.“

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

### Umsögn um tillögu:

Tillögunni hefur verið komið áfram til verkefnastjóra framkvæmda og viðhalds sem mun skoða og meta ástandið. Minni skemmdir verða lagfærðar af starfsmönnum Reykjavíkurborgar en ef um stærri viðgerð er um að ræða verður hún sett á verkefnalista viðgerðaverktaka.

Ennfremur er í undirbúning að framkvæmda ástandsmat göngu- og reiðhjólástíga í Reykjavík. Um er að ræða steyptar og hellulagðar stéttar og malbikaða göngu- og reiðhjólástíga auk malastíga. Ástandsgreining fer þannig fram að göngu- og reiðhjólástígum er skipt upp í ástandsflokka eftir sjónskoðun. Í framhaldinu verður gerð framkvæmdaáætlun þar sem verkefnum er forgangsraðað eftir ástandsflokkuninni og samkvæmt samþykktum fjárheimildum vegna endurnýjunar og viðhalds á göngu- og reiðhjólástígum.

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri  
Umhverfis- og skipulagssvið  
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds



Reykjavík